

það með stefndu Katrínu, að skýlausa lagaheimild þurfi, ef veita á umgengnisrétt við barn gegn vilja þess, sem forræðið hefur. Frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi um slíkan umgengnisrétt varðandi óskilgetin börn, en það hefur eigi hlotið afgreiðslu þingsins. Fyrr en lögin taka gildi, er réttur sá, sem stefnandi krefst viðurkenningar á, ekki fyrir hendi, og ber því að synja stefnanda um slíka viðurkenningu.

Rétt er, að aðiljar beri hver sinn málskostnað.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Krafa stefnanda, Hilmars Péturssonar, um, að viðurkennt verði með dómi, að íslenskar réttarreglur heimili honum umgengnisrétt við dóttur hans og stefndu, Katrínar Þorvaldsdóttur, Júlíu Emblu, sem fædd er 6. júní 1972, er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1979.

Nr. 43/1977. **Sigurður Jónsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Jóni V. Guðjónssyni

(Kristján Eiríksson hrl.).

Skuldamál. Húsaleiga. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 8. mars 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 100.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 11. september 1974 til greiðsludags svo og að stefndi verði að viðlögðum 2.000 króna dagsektum, er renni til áfrýjanda, dæmdur til að skila

sér tryggingarvixli að fjárhæð 20.000 krónur. Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Agreiningslaust er, að aðalkrafan í héraði hafi numið 33.534 krónum, eins og í héraðsdómi greinir. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til héraðsdóms þykir bera að staðfesta úrlausn hans um efniskröfur málsaðilja.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður nema um málskostnað.

Áfrýjandi, Sigurður Jónsson, greiði stefnda, Jóni V. Guðjónssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómuur bæjarþings Reykjavíkur 9. desember 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 2. desember sl., hefur Jón V. Guðjónsson, Unnarbraut 15, Seltjarnarnesi, höfðað samkvæmt heimild í leigusamningi, dags. 15. september 1969, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. apríl 1974, á hendur Sigurði Jónssyni, þá að Blómvöllum, Seltjarnarnesi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær í aðalsök, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 36.191 með 9% ársvöxtum frá stefnudegi 8. apríl 1974 til greiðsludags og sakarkostnað að mati dómsins.

Í gagnsök krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda eru í aðalsök gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Í gagnsök gerir hann þær kröfur, að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 100.000 ásamt 13% ársvöxtum frá stefnudegi 16. september 1974 til greiðsludags og að honum verði að viðlögðum dagsektum, kr. 2.000 á dag, gert skylt að afhenda gagnstefnanda tryggingarvixil að fjárhæð kr. 20.000. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir hafa farið fram fyrir dómi, en án árangurs.

Málsatvik eru þau, að með húsaleigusamningi, dags. 15. september 1969, tók Sigurður Jónsson á leigu hjá Jóni V. Guðjónssyni húsið að Blómvöllum á Seltjarnarnesi, ásamt bílskúr, frá 1. október 1969 til 1. október 1970. Umsamin húsaleiga nam kr. 9.000 á mánuði og skyldi greiðast mánaðarlega fyrir fram. Til tryggingar ófyrirsjáanlegum kostnaði vegna leigusamnings þessa samþykkti Sigurður tryggingarvixil að fjárhæð kr. 20.000, sem afhentur var Jóni til geymslu. Er leigumálinn rann út hinn 1. október 1970, fékk Sigurður umræddar eignir á leigu áfram. Samningurinn hefur síðan framlengst frá ári til árs, eða þar til Sigurður sagði honum upp þann 3. desember 1973 miðað við 14. maí 1974. Á samningstímabilinu breyttist þó endurgjald þess leigða, og segir Jón, að aðiljar hafi samið um, að mánaðarleiga skyldi vera kr. 13.745 frá og með 1. október 1973. Samkvæmt bókun við munnlegan flutning málsins er ekki lengur um það deilt, að hækkun húsaleigunnar hafi verið heimil. Ágreiningslaust er, að Sigurður Jónsson hafi greitt fulla húsaleigu til nóvemberloka 1973. Þann 15. mars 1974 greiddi Sigurður Jónsson kr. 20.751 með skilyrðislausri „deponeringu“ og þann 8. apríl 1974 kr. 15.440, einnig með „deponeringu“ í Landsbanka Íslands. Jón V. Guðjónsson hefur hafið þessa peninga og dregið upphæðirnar frá upphaflegum höfuðstól stefnukröfu, sem var kr. 68.725. Stefnukröfur miðaði Jón V. Guðjónsson samkvæmt reikningi á dskj. nr. 3 við húsaleigu fyrir tímabilið desember 1973 til apríl 1974, 5 mánuði, kr. 13.745 á mánuði, sem gerir samkvæmt hans útreikningi kr. 68.725, eins og áður segir.

Stefndi, Sigurður Jónsson, hefur í gagnsök sundurliðað kröfur sínar svo, sbr. dómsskj. 32:

1. Vinna við utanhússmálningu að Blómvöllum í júlí 1973, 24 klst. á kr. 300 kr. 7.200
2. Afnotamissir af bílskúr vetrarmánuði (5 mánuði) frá 1. nóv. 1969 til 1. jan. 1973 á kr. 2.500 pr. mán. (2.500 x 17) — 42.500

3. Do frá 1. jan. 1973 til 1. apríl 1974 á kr. 3.500 pr. mán. (3.500 x 8)	kr. 28.000
4. Bætur vegna ófullnægjandi ástands íbúðarhússins —	22.300
	Kr. 100.000

Fyrsta lið stefnukröfu sinnar byggir Sigurður Jónsson á því, að á hans vegum hafi leigð húsnaðið verið málað að utan. Í greinargerð í gagnsök viðurkennir Jón V. Guðjónsson, að hann hafi leyft maka Sigurðar vegna þrábeiðni hennar að mála húsnaðið utan tvisvar sinnum. Hann hafi lagt til efni í þessu skyni, en maki Sigurðar vinnu. Hann hafi samþykkt þetta, þótt málningar væri engan veginn þörf. Um liði 2 og 3 á dskj. nr. 32 heldur Sigurður Jónsson því fram, að Jón V. Guðjónsson hafi gefið loforð um að endurbæta hitann í bílskúrnum, en hafi aldrei gert það. Af þessum sökum hafi hann ekki getað notað bílskúrinn yfir vetrarmánuðina, en hann hafi rekið bílaleigu sína þarna. Í greinargerð heldur Jón því fram, að rétt sé, að ofn í bílskúrnum hafi gengið úr sér, m. a. vegna vatnsaga í bílskúrnum af völdum Sigurðar, en hann hafi verið þarna með bílaleigu, ca 10 bíla af Volkswagen gerð. Hann hafi sífellt verið að þvo bílana. Jón kveðst hafa boðist til að útvega gagnstefnanda bæði rafmagns- og olíuofn í bílskúrinn, en hann hafi hvorugt viljað þiggja. Hins vegar hafi hitaveita verið tengd við húsið á leigutímanum og hafi slíkur hitagjafi jafnan verið talinn fullnægjandi.

Um 4. lið gagnstefnukröfu sinnar segir Sigurður, að ágreiningur hafi risið með honum og húseiganda vegna þess, að húsnaðið hafi verið í hörmulegu ástandi. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að frá árinu 1970 hafi orðið vart við rottugang í húsnaðinu og auk þess hafi verið megn óþefur í því allan tímann. Hann vitnar til vottorðs Péturs Hannessonar, deildarstjóra hjá gatnamálastjóranum í Reykjavík, dags. 3. maí 1976, um rottuganginn. Þar kemur fram, að meindýraeyðir hefur verið kallaður að Blómvöllum við Nesveg einu sinni árið 1970, í tvígang haustið 1971 og 9. ágúst 1973 og 14. september 1973. Þá vitnar hann til vottorðs Jónasar B. Erlendssonar á dskj. nr. 33, dags. 14. ágúst 1976. Í því kemur fram, að Jón B. Erlendsson hefur komið að Blómvöllum við Nesveg frá árinu 1970 til ársins 1973 vegna meindýraeyðingar. Segir í vottorðinu, að haustið 1973 hafi vottorðsgjafi talið annað útilokað en að klóakrör væri laskað undir gólfi, en í gólfinu hafi verið sprunga í innri forstofu og óþefur

hafi virst koma þar upp. Segir vottorðsgjafi ekki hafa talið annað fært en brjóta upp gólfið og athuga klóakrörið. Segir hann, að skömmu síðar hafi gólfið verið brotið upp og þá hafi komið í ljós, að löskuð klóakrör voru undir gólfinu, a. m. k. til febrúarloka 1974 hafi ekki verið gengið frá gólfinu. Þá vitnar stefndi til vottorðs aðstoðarborgarlæknis, Braga Ólafssonar, dags. 19. apríl 1974, en það er bréf til Jóns V. Guðjónssonar, stefnanda máls þessa. Þar segir: „Skoðun fór fram á húsnæði yðar, Blómvöllum við Nesveg, 18. apríl s.l.

Megn óþefur var í húsnæðinu, og stafaði hann frá gati í gólfi í innri forstofu. Virðist gat þetta liggja niður í opið frárennsli, enda töldu leigjendur sig hafa orðið varir við rottugang í húsnæðinu. Ber yður að lagfæra skemmdir þessar tafarlaust, þar sem þær geta varðað heilsu manna.“

Öll þessi vottorð hafa verið tekin sem staðfest fyrir dómi, en þeim mótmælt sem þýðingarlausum af stefnanda.

Þá vitnar stefndi til ljósmynda á dskj. nr. 20.

Stefnandi hefur í aðiljaskýrslu mótmælt, að rottugangur hafi verið í húsinu sjálfu. Hins vegar hafi rottur verið í skólpleiðslum í húsinu, eins og algengt sé á öllu Reykjavíkursvæðinu. Hann sagði, að stefndi hefði ekki kvartað undan rottugangi í húsinu fyrr en með bréfi til borgarlæknis. Þá sagði hann að gefnu til efni frá stefnda, að hann hefði ekki vitað um, að sprunga var í gólfi íbúðarinnar, fyrr en undan því hafi verið kvartað og þá hafi það verið lagfært þegar í stað. Hann sagði, að þegar hann keypti húsið 1967, hafi verið rotþró fyrir framan húsið. Hreppurinn hafi síðan lagt skólpleiðslu fyrir norðan húsið og hafi hann þá breytt til og tengt skólpið í skólpleiðslu, en ekki hreyft við rotþrónni. Með tímanum hafi gólfið í forstofunni sigið yfir gömlu leiðslunni út í rotþróna og myndast sprunga. Hann kvaðst ekki muna, hversu langan tíma viðgerðin tók. Honum hafi verið ráðlagt af fagmönnum að steypa ekki strax yfir viðgerðina til þess að sjá, hvort viðgerðin væri ekki örugglega í lagi. Hann sagði, að það hefði ekki verið fyrr en með bréfi borgarlæknis, að hann vissi um sprunguna í forstofunni. Stefnandi hefur lagt fram bréf, dags. 29. apríl 1974, sem er svar við bréfi borgarlæknis. Segir þar, að honum þyki leitt, að ekki hafi verið gert við gólf í innri forstofu hússins að Blómvöllum og að hann muni framkvæma viðgerð án tafar, fáist til þess friður.

Krafa stefnanda um afhendingu tryggingarvixils að fjárhæð

kr. 20.000 er á því byggð, að víxillinn sé eign hans, þar sem leigumálinn sé niður fallinn fyrir löngu og honum sé mikilvægt að fá þennan víxil í hendur.

Alit dómsins.

Aðilar eru sammála um, að stefndi hafi haft hið leigða hús-næði til afnota fram að fardögum 1974. Leigu er þó aðeins kraf-ist til loka apríl 1974. Ágreiningur er ekki um leiguupphæðina. Athuga verður þó, að þegar upphæðir þær, sem „deponeraðar“ hafa verið, sbr. dskj. nr. 13 og 15, eru dregnar frá upphaflegum höfuðstól kröfu stefnanda, kemur út kr. 33.534, en ekki höfuð-stóll endanlegrar dómkröfu hans. Að þessu athuguðu þykir stefndi eiga að greiða stefnanda kr. 33.534 með vöxtum, eins og krafist er í stefnu, nema kröfur og málsástæður í gagnsök eigi að breyta því, að einhverju leyti.

Gagnsök.

Hafa verður í huga, að sundurliðun gagnkröfu kom ekki fram fyrr en eftir áskorun dómara löngu eftir þingfestingu.

1. Hér er um að ræða kröfu vegna vinnu við utanhússmálningu að Blómvöllum í júlí 1973. Krafa þessi kemur ekki fram, fyrr en stefnandi fer að hafa uppi leigukröfur sínar og upp úr er slitnað milli aðilja. Viðurkennt er, að stefnandi hefur greitt efni til málningarinnar. Að þessu athuguðu þykir við það verða að miða, að það hafi verið ætlun aðilja, að stefnandi legði fram efni til málningarinnar, en maki stefnda vinnu. Þannig verður þessi liður ekki tekinn til greina.

2.—3. Rétt þykir að taka 2. og 3. lið í gagnkröfu, eins og þeir koma fram á dskj. nr. 32, í einu lagi. Hér er krafist bóta vegna afnotamissis af bílskúr. Þar sem stefndi þykir ekki hafa lagt fram fullnægjandi gögn fyrir hvorugum þessara liða, verða þeir ekki teknir til greina gegn eindregnum mótmælum stefnanda.

4. Hér er samkvæmt dskj. nr. 32 krafist bóta vegna ófull-nægjandi ástands íbúðarhússins. Af vottorðum borgarlæknis og Jónasar B. Erlendssonar og myndum á dskj. nr. 20 þykir nægjan-lega fram koma, að við lok leigutímans hafi ástand íbúðarhúss-ins verið orðið ófullnægjandi og hafi viðgerð dregist úr hömlu. Þykir mega veita stefnda afslátt á húsaleigukröfu stefnanda af þessum sökum. Þegar þessi afsláttur er metinn, þykir rétt að

líta til þess, að stefnandi hefur ekki krafist húsaleigu frá mánaðamótum 1974 til fardaga. Þá þykir verða að líta til þess, að stefndi fluttist ekki úr húsnæðinu þrátt fyrir annmarka þess fyrr en að fullloknum uppsagnarfresti. Hann hefur fyrir „deponeringu“ þegar greitt hluta húsaleigunnar, sem upphaflega var um deilt. Hann hefur sjálfur gert kröfu um bætur vegna ófullnægjandi ástands íbúðarhússins upp á kr. 22.300. Þegar allt þetta er skoðað, þykir rétt, að stefnandi slái kr. 20.000 af leigunni.

Rétt þykir að taka kröfu stefnda um skil á tryggingarvóxli, kr. 20.000, til greina.

Að þessari úrlausn fenginni þykir mega taka niðurstöðu aðalsakar og gagnsakar í eitt, og verður hún sú, að stefndi, Sigurður Jónsson, greiði stefnanda, Jóni V. Guðjónssyni, kr. 13.534 með 9% ársvöxtum frá 8. apríl 1974 til greiðsludags, en þann 8. apríl 1974 var samkvæmt samningi aðilja leigugreiðsla vegna aprílmánaðar 1974 í gjalddaga fallin. Eins og máli þessu er háttað, að hvor aðili um sig hefur unnið málið að nokkrum hluta, væri rétt eðli málsins samkvæmt, að hvor aðili bæri sinn kostnað af því. Hins vegar hefur stefndi kært mál þetta tvisvar til Hæstaréttar og þannig tafið framgang málsins. Í fyrra sinnið kærir hann dómara, þar sem dómarninn hafði neyðst til að vísa honum úr rétti vegna hegðunar hans, og í síðara sinnið, eftir að Hæstiréttur hefur hafnað kröfu hans, krefst hann þess, að dómarninn víki sæti, aðallega með þeim rökstuðningi, að dómarninn sé orðinn óvinveittur sér vegna þessarar kæru og því ófær um að líta óvilhellt á málið. Þar sem meta verður kærur þessar báðar tilefnislausar og þar sem þær eru til þess fallnar að tefja fyrir framgangi málsins, eins og áður er sagt, þykir ekki verða hjá því komist með hliðsjón af reglum 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 að dæma hann til greiðslu málskostnaðar. Þá er einnig til þess tekið, að framlagning annarra utanréttarvottorða en frá opinberum aðiljum er andstæð tilgangi 10. kafla laga nr. 85/1936, og orðfæri og stílbragð dskj. 12, 23, 25 og 27 er óviðurkvæmilegt.

Með þetta allt í huga þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 20.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Jónsson, skal greiða stefnanda, Jóni V. Guðjónssyni, kr. 13.534 með 9% ársvöxtum frá 8. apríl 1974 til greiðsludags og kr. 20.000 í málskostnað, allt innan 15

daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi, Jón V. Guðjónsson, afhendi stefnda, Sigurði Jónssyni, tryggingarvixil, kr. 20.000, innan sama tíma.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1979.

Nr. 71/1977. **Björgúlfur Björnsson**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Baldri Halldórssyni

(Jóhann Þórðarson hdl.).

Samningar. Skuldabréf. Vextir. Kröfu vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Árna Birni Árnasyni vélvirkjameistara og Tryggva Gunnarssyni skipasmíðameistara.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1977. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu, en stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda 945.624 krónur með 13% ársvöxtum frá 13. maí 1975 til greiðsludags, en um málskostnað fari eins og greinir í aðalkröfu.

2. varakrafa: Að hann verði dæmdur til að greiða „aðra fjárhæð að mati Hæstaréttar“, en um málskostnað fari eins og greinir í aðalkröfu.

3. varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með